

Starfsáætlun Embættis landlæknis 2019-2020



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

Framtíðarsýn

Góð heilsa og vellíðan byggð á heilsuefningu, forvörnum, aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Hlutverk

Stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsuefningu og öflugum forvörnum.

Gildin okkar

Ábyrgð

Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku. Við bendum á það sem betur má fara.

Virðing

Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, góðvild og sanngirni.

Traust

Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna.

Staðan 2018 – hjá Embætti landlæknis

- Mikil sérhæfð kunnátta og aukin samvinna á milli sviða
- Aðaláherslur starfseminnar eru skýrar
- Talsverðar skipulags- og mannabreytingar
- Mikil starfsánægja en vinnuálag þyrfti að minnka
- Fjárhagur embættisins er í jafnvægi
- Verið er að stórefla verkefni á sviði rafrænnar sjúkraskrár
- Miðlun upplýsinga úr gagnagrunnum hefur aukist
- Innleiðing verkefna á sviði persónuverndar hefur gengið vel
- Setja þarf stefnu og forgangsraða aðgerðum m.a. varðandi lyfjaeftirlit og heilbrigðisupplýsingar
- Áhugi á að vinna að Heimsmarkmiðum SP
- Efla þarf straumlínustjórnun
- Efla þarf öryggis- og gæðamenningu
- Húsnæðismál EL eru í óvissu

Staðan 2018 – ytri þættir

- Unnið að stefnu um heilbrigðisþjónustu
- Aukin fjárframlög til heilbrigðisþjónustu
- Greiðslukerfi í heilbrigðisþjónustu eru til endurskoðunar: Nýtt hvetjandi greiðslukerfi hefur verið innleitt í Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fyrirhugað á landsbyggðinni
- Efla þarf öryggis- og gæðamenningu
- Vinna við gæðavísu og gæðauppgjör hjá veitendum heilbrigðisþjónustu er að hefjast
- Mikill áhugi sveitarfélaga á heilsuefningu og notkun lýðheilsuvísa
- Efla þarf jöfnuð í aðgengi að heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku
- Skipulagi geðheilbrigðisþjónustu er ábótavant en verið að efla þjónustuna
- Leggja þarf meiri áherslu á heilbrigðisþjónustu og heilsuefningu aldraðra
- Vísbendingar eru um ofnotkun lyfja í landinu en unnið að úrbótum
- Biðtími eftir ákveðinni þjónustu er of langur
- Samræma þarf betur skráningu á biðlista



Aðaláherslur 2019-2020

Stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu	Hvetja og styðja við heilsueflingu	Vöktun og viðbrögð sóttvarna	Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL
Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
<ul style="list-style-type: none"> Efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu Auka notkun og miðlun gagna til ráðgjafar og eftirlits Áframhaldandi þróun og innleiðing sam- tengdrar rafrænnar sjúkraskrár og Heilsuveru Stuðla að ábyrgri notkun lyfja 	<ul style="list-style-type: none"> Styðja sveitarfélög, skóla, vinnustaði og heilsugæslu í heilsueflandi starfi og tengja við Heimsmarkmið SP Leggja áherslu á heildstætt mat á heilsueflandi starfi Miðla upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu Styðja heilsueflandi starf með viðeigandi gögnum 	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum, miðlun þeirra og áhættumati Bregðast við heilbrigðisögnum með viðeigandi hætti Virkja heilsugæslu í útfærslu sóttvarna Gerð og innleiðing viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir 	<ul style="list-style-type: none"> Endurspeglu ábyrgð, virðingu og traust í starfi embættisins Þróa rafræna stjórnáætlun hjá embættinu Innleiða straumlínustjórnun Innleiða öryggis- og gæðastjórnun Vinna markvisst að innleiðingu GDPR Vinna að því að embættið verði heilsueflandi vinnustaður
Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir
<ul style="list-style-type: none"> Innleiða áætlun um gæðapróun Fjölga úttektum Ljúka innleiðingu á samtengdri sjúkraskrá hjá stærri rekstraraðilum Innleiða Heilsuveru á sjúkrahúsum og hjá stærri rekstraraðilum Móta heilbrigðisupplýsingastefnu Undirbúa miðlæga sykursýkisskrá Kostnaðargreina miðlæga tannheilsuskrá Velja og birta lykilverki um árangur heilbrigðisþjónustu í alþjóðlegum samanburði Gefa út stefnu og áherslur í lyfjaeftirliti Innleiða samræmda atvikaskráningu fyrir allt landið Endurskoða og innleiða reglur um biðlista á landsvísi og afla gagna í rauntíma Fylgja eftir niðurstöðum úttektar á RAI heilsumati og Færni- og heilsumati 	<ul style="list-style-type: none"> Innleiða lýðheilsumat Úrvinnsla og miðlun upplýsinga úr Heilsu og líðan og vöktun áhrifaþátta Virkja upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsueflingu og forvarnir Miðla lýðheilsuvísu á mismunandi svæði og styðja við notkun Hefja framkvæmd á landskönnun á mataræði Halda námskeið í heilbrigðisumdæmum fyrir starfsfólk heilsugæslu og félagsþjónustu Innleiða gátlista fyrir heilsueflandi samfélag, vinnustaði og skóla á www.heilsueflandi.is Vinna að auknu heilsulæsi Stýra verkefninu fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígisforvarnir Undirbúa og halda norrænu lýðheilsuráðstefnuna 2020 	<ul style="list-style-type: none"> Auka rafrænan flutning gagna og bæta gagnavinnslu um tilkynningaskylda og skráningarskylda sjúkdóma Mennta og fræða umdæmislækna og heilbrigðisstarfsfólk í sýkingavörnum Forgangsráða innleiðingu viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í bólusetningum Auka þverfaglega samvinnu um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi Vinna með læknum að skynsamlegri notkun sýklalyfja Bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma 	<ul style="list-style-type: none"> Vinna markvisst með gildi embættisins í daglegu starfi Gera könnun á trausti almennings til embættisins Þróa og straumlínulaga rafræna ferla tengda starfsleyfum og rekstarleyfum Ljúka fasa II og III í innleiðingu GDPR og koma á virku eftirliti með því að persónuverndarlögum sé fylgt. Greina ferla og innleiða verkfæri, verklag og kennslu varðandi straumlínustjórnun Uppfæra gæða- og öryggishandbók EL Meta árangur af aðgerðum EL og gera hann sýnilegan Setja fjölmiðlastefnu Innleiða jafnlaunavottun og jafnréttisvísi Vinna samskiptasáttmála Vakta vinnuálag starfsmanna EL tvisvar á ári Bæta húsnæði embættisins

Árangursmat 2019-2020

Markmið	Mælikvarði	Stöðumat	Staðan 2018	Markmið 2019	Markmið 2020
Stuðla að umbótum í heilbrigðiskerfinu					
Fjölgja úttektum	Fjöldi úttekta og mat á umfangi	2 x ári	Átta úttektir gerðar	Tíu úttektir (miðlungs umf.)	Verður sett í árslok 2019
Uppfylla markmið EL um hlutfall viðbragða við ábendingum u.þ.b. ári eftir úttekt	Fjöldi ábendinga sem hver stofnun bregst við, birt sem hlutfall af heildarfjölda ábendinga til stofnunar	1 x ári	Þrjár stofnanir af fjórum uppfylltu sett markmið	Brugðist við a.m.k. 3/4 ábendinga í hverri úttekt	Verður sett í árslok 2019
Innleiða áætlun um gæðapróun og birta landsgæðavísa	Birting á vef EL	1 x ári	Áætlun um gæðapróun birt	Birting landsgæðavísa undirbúin	Landsgæðavísar birtir
Innleiða atvikaskráningu á öllum heilbrigðisstofnunum	Fjöldi heilbrigðisstofnana	2 x ári	Aðlögun kerfis og prófanir	Innleitt á fyrstu 4 stofnunum	Innleitt á 6 stofnunum til viðbótar
Velja og birta lykivísa um árangur heilbrigðisþjónustu	Birting á vef EL	1 x ári	Undirbúningur ekki hafinn	Fyrstu vísar birtir	Allir vísar birtir
Móta stefnu um lyfjaeftirlit	Birting á vef EL	1 x ári	Í vinnslu	Lokið	Innleiðing
Minnka notkun ávanabindandi lyfja	Heildarmagn vísaðra ávanabindandi lyfja	1 x mánuði	148 ráðlagðir dagskammtar á mann á ári	5% lækkun	Enn frekari 5% lækkun
Hvetja og styðja við heilsueflingu					
Prófa mælaborð lýðheilsu	Birting á vef EL	Árlega	Fyrstu 12 vísar birtir	Alls 20 vísar birtir	Alls 30 vísar birtir
Fjölgja heilsueflandi samfélögum bæði % og fjölda	Hlutfall landsmanna	Árlega	83.6%	85%	90%
Halda heilsueflandi vinnustofur og námskeið á landsvísu	Fjöldi vinnustofa	Árlega	4	4	4
Innleiða lýðheilsumat	Birting á vef EL	Árlega	Í vinnslu	Lokið	Innleiðing
Vöktun og viðbrögð sóttvarna					
Rafrænn flutningur klínískra tilkynninga	Hlutfall tilkynninga frá rannsóknarst.	Árlega	Undirbúningur hafinn	Verkefni lokið	>50% tilkynninga
Stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja	Notkun – fjöldi ávísana	Árlega	Innleiðingu lokið	Notkun minnki um 10%	Notkun minnki um 10%
Auka þátttöku í almennum bólusetningum 1 og 4 ára barna	Hlutfallsleg þátttaka	Árlega	90-95%	95%	>95%
Gerð og æfing viðbragðsáætlana	Fjöldi	Árlega	Þremur lokið	1	Æfingar-innleiðing
Vinna gegn útbreiðslu kynsjúkdóma	Fjöldi - nýgengi	Árlega	Tillögum skilað	Fækkun um 10%	Fækkun um 10%
Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL					
Mæla traust almennings til embættisins	Mikið/mjög mikið traust, hlutfall	Árlega	57%	65%	75%
Halda vinnustofur á hverju sviði þar sem verklag er greint og straumlínulagað	Fjöldi vinnustofa	Árlega	5	10	10
Aukin starfsánægja	Hlutfall ánægðra	Árlega	85%	90%	95%
Minni veikindafjarvistir	Veikindadagar sem % starfsdaga	4 x ári	6,0 %	5,0 %	< 5%